

Stofnanasamningur

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til félagsmanna í *Félagi fréttamanna, Félagi verk- og tæknifræðinga, Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarði* sem ráðnir eru til starfa hjá Ríkisútvarkinu.

Samningurinn er hluti kjarasamnings BHM og fjármálaráðherra dags. 28. febrúar 2005.

2. Markmið

- a) að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaráðun séu teknar með málefnalegum hætti
- b) að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og stéttarfélagsins,
- c) að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi,
- d) að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn um að greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun,

3. Grunnröðun starfa

3.1 Almennar forsendur röðunar

Störfum skal raðað í samræmi við eðli starfs og lýsingu á starfi og þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áfhrif á laun og með hvaða hætti, er vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum(starfsheitum).

3.2 Röðun starfa

Flokkur:

1	Starfsheiti: Háskólamenntaður í afleysingum fyrstu 6 mánuði.
2	Fréttamaður 1, næturfréttamaður 1 dagskrárgerðarmaður 1 (pródúsent), fulltrúi 1, grafískur hönnuður 1, myndatökumaður 1, hljóðmaður 1, bókasafnsfræðingur 1, starfsmaður textavarps 1, málfersráðunautur 1, forritari, leikmyndahönnuður 1, viðskiptafræðingur 1, tæknifræðingur 1, verkfræðingur 1 og kerfisfræðingur 1
3	Fréttamaður 2, næturfréttamaður 2, dagskrárgerðarmaður 2 (pródúsent), fulltrúi 2, grafískur hönnuður 2, myndtökumaður 2, hljóðmaður 2, bókasafnsfræðingur 2, starfsmaður textavarps 2, málfersráðunautur 2, forritari 2, leikmyndahönnuður 2, viðskiptafræðingur 2, tæknifræðingur 2 og kerfisfræðingur 2 eftir 3 ára starf hjá RÚV. Verkefnisstjóri 1.

- 4 Fréttamaður 3 og dagskrárgerðarmaður 3 eftir 5 ár hjá RÚV.
Kerfisfæðingur 3, tónmeistari, verkefnisstjóri 2, verkfræðingur 3 ,
tæknifræðingur 3, viðskiptafræðingur 3.
- 5 Verkefnisstjóri 3
- 6 Verkefnisstjóri 4
- 7 Varadeildarstjóri
- 11 Frétta- og dagskrárstjórar, deildarstjórar.

4. Skilgreiningar á álagi

2,5%	Eftir eins árs starf hjá RÚV
2,5% - 5%	Menntun umfram BA, að lágmarki samsvarandi MA.
2,5%	Doktorspróf
2,5% - 5%	Tímabundin afleysisng
2,5% - 5%	Tímabundin sérverkefni
2,5% - 7,5%	Fjölhæfni / sérhæfning

1. nóvember 2006 tekur gildi ákvæði um að allir starfsmenn sem unnið hafa í 4 ár hjá RÚV hækki um 2,5% álag.

Útvarpsstjóri ákveður hækjun á álagi umfram 2,5% innan hverrar skilgreiningar, sbr. fyrrgreint.

Starfsmaður sem tekur að sér tímabundið viðbótarábyrgð og / eða álag án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað vegna sérstakra tímabundinna verkefna getur óskað eftir álagsgreiðslum vegna slíkra aukaverkefna.

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, skv. greinum 1.2.1 og 1.2.2 í kjarasamningi sem aldrei skal þó nema haerri fjárhæð en kr. 30.000,- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 4 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggist á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum, sjá fylgikjal I í kjarasamningi.

Aðilar eru sammála um að skoða störf í launaflokki 3 sérstaklega við endurskoðun þessa samnings að ári.

5. Starfslýsingar

Við röðun verði miðað við starfslýsingar starfsmanna. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

6. Sveigjanlegur vinnutími (flex)

Samkvæmt grein 2.2.1 í kjarasamningi skal dagvinna unnin á tímabilinu kl. 08-17 frá mánudegi til föstudags. Þó er forstöðumanni heimilt að verða við óskum einstakra starfsmanna um frekara frjálsræði um hvenær vinnuskyldu er gegnt, sbr. grein 2.2.2 og 2.2.3 í kjarasamningi.

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun.

7. Endurskoðun

Endurskoðun samkomulags þessa er eftir eitt ár í samræmi við kafla 11 í kjarasamningi og fylgiskjal I. Hvor aðili um sig getur einnig óskað eftir endurskoðun hvenær sem á gildistíma kjarasamningsins. Breytt röðun starfa samkvæmt ofanrituðu tekur gildi frá og með 1. maí 2006.

Reykjavík, 24. apríl 2006

f.h. samningarnefndar ofantalinna félaga

f.h. Ríkisútvarpsins